

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar hvítbók um byggðamál. Um er að ræða brýnan málaflokk sem hefur tengingu við flesta þætti íslensks samfélags og innviði landsins alls.

Skútustaðahreppur er sammála framtíðarsýn og meginmarkmiðum áætlunarinnar sbr. 1. kafla. Sérstaklega er tekið undir með markmiði B.7 um störf án staðsetningar. Fjöldmörg dæmi eru um mikilvægi slíkrar nálgunar og má t.a.m. benda á nýlegar breytingar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga, en starfsmaður Sambandsins flutti nýlega búferlum í Skútustaðahrepp. Það er sveitarfélaginu ljúft og skylt að byggja upp innviði til að störf án staðsetninga á vegum ríkisins geti enn frekar vaxið fiskur um hrygg. Í því augnamiði hefur Skútustaðahreppur nýlega undirritað viljayfirlýsingu um samstarf á sviði uppbyggingar íbúðarhúsnæðis tengt gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á Skútustöðum við Mývatn. Samhliða uppbyggingu gestastofunnar er mikilvægt að starfsmönnum Vatnajökulspjóðgarðs sé tryggð örugg búseta innan Skútustaðahrepps, en aðgengi að íbúðarhúsnæði hefur verið takmarkandi þáttur í fjölgun opinberra starfa innan sveitarfélagsins. Með samstarfinu vilja Skútustaðahreppur og Vatnajökulspjóðgarður styðja við uppbyggingu mannauðs á sviði sjálfbærrar nýtingar og vistvænnar uppbyggingar og leggja sitt af mörkum til að markmið ríkisstjórnarinnar um störf óháð staðsetningu nái fram að ganga. Í þessu samhengi er ekki hvað síst bent á mikilvægi mælikvarða B undir markmiði B (hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda / heildarfjölda stöðugilda), en verulegur hluti fjárfestingar ríkisins í stofnanaumhverfi sínu í dag fellur til á þéttbýlasta hluta landsins.

Sveitarstjórn Skútustaðhrepp fagnar enn fremur áherslu á nýsköpun og umhverfismál líkt og bent var á í fyrri umsögn um grænbók. Mikilvægt er, líkt og fram kemur, að horft verði til svæðisbundinna styrkleika og áhersla lögð á sjálfbæra uppbyggingu í sátt lands, lýðs og náttúru. Í þessu samhengi er tekið undir þær áherslur sem settar eru fram undir markmiði B. Bent er á mikilvægi dreifðra byggða til að takast megi á við loftslagsbreytingar af mannavöldum og markmið Íslands um kolefnishlutleysi. Þar sem kolefnislosun frá landi er stærstur hluti heildarlosunar kolefnis á Íslandi, en möguleikar til bindingar kolefnis jafnframt miklir í landi, er sérstaklega mikilvægt að horfa til samþættingar markmiðs B og markmiða Íslands í loftslagsmálum. Þá er jafnframt mikilvægt að hafa huga möguleika sem felast í nýtingu menningarminja (B.11).

Fjölmörg tækifæri felast í C flokknum sem vert er að vinna áfram af metnaði. Varðandi mælikvarða undir markmiði C (bls. 12) er varað við því að einblína um of á það hvort loftslagsstefna sé fyrir hendi innan sveitarfélaga (mælikvarði C), heldur er jafnframt mikilvægt að styðja við aðgerðir og nýsköpun sem sveitarfélög leggja í til að takast megi á við loftslagsbreytingar af mannavöldum og mæla árangur þeirra aðgerða eftir því sem við á. Sérstaklega er tekið undir mikilvægi aðgerða C.8-C.11, sem styðja hver aðra. Varðandi C.11 er bent á samstarfsmöguleika sem felast í Matarskemmuni, sem staðsett er að Laugum í Þingeyjarsveit, til viðbótar við þá samstarfsmöguleika sem nefndir eru í Hvítbókinni.

Þess ber þó að geta að sveitarstjórn Skútustaðahrepps saknar umfjöllunar um eflingu sveitarstjórnarstigsins í Hvítbókinni, en þar er sannarlega á ferðinni byggðamál. Sem dæmi ná nefna að til að markmiðum á borð við B.3 (efling nýsköpunar í byggðum landsins) megi ná er ekki síður mikilvægt að fyrir hendi séu sterk sveitarfélög en landshlutasamtök. Skipulagsvald er í höndum sveitarfélaga og til að möguleika til sjálfbærrar nýsköpunar megi nýta til fulls, er mikilvægt að sveitarfélög séu í stakk búin að stuðla að nýsköpun, samhliða því að skipulagsmál séu aðlöguð þeirri nýsköpun sem ná skal fram. Þá er jafnframt mikilvægt að eftirlitskerfi ríkisins dragi ekki úr möguleikum til nýsköpunar, umfram það sem vísindalegt áhættumat gefur ástæðu til.

Skútustaðahreppur fagnar þeim árangri sem náðst hefur í byggðamálum í tíð núverandi ríkisstjórnar og hvetur stjórnvöld til dáða í þessum efnum.